

LÍFEYRISSJÓÐUR BANKAMANNA ALDURSDEILD

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2015

2016-03-12



Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.
Grensásvegi 7 – 108 Reykjavík

Til stjórnar og framkvæmdastjóra
Lífeyrissjóðs bankamanna

2016-03-12

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á stöðu Aldursdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna í lok árs 2015 er unnin að beiðni stjórnar sjóðsins í samræmi við ákvæði 5. greinar samþykkta sjóðsins. Athugunin er gerð í samræmi við ákvæði l. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998 og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana frá árinu 2002. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu sjóðsins í lok árs 2014.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignalda og skuldbindinga.

Aldursdeild Lífeyrissjóðs bankamanna veitir réttindi í samtryggingu. Samþykktum sjóðsins var síðast breytt á árinu 2014.

Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhaldi sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignalda er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhaldi sjóðsins.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina eru :

Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega

Lífslíkur sjóðfélaga og rétthafa : samkvæmt íslenskri reynslu 2007-2011

Örorkulíkur sjóðfélaga : 60% af reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 1998-2002,

Forsendur eru óbreyttar frá síðustu athugun.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabila fram til-loka 2015 kallast áfallnar skuldbindingar. Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil vikmörk að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum en frádregnum kostnaði vegna fjárfestinga reiknast 55.603,1 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 55.861,7 milljónir. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því -258,6 milljónir, eða -0,5% af skuldbindingum.

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem almennt eru áskilin í l. 129/1997 en þar eru hámark vikmarka milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% fyrir stöðu samfellt í fimm ár.

Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna tiltaka ekki ákveðin vikmörk fyrir mun eigna og skuldbindinga en í 5. grein samþykkta er að finna almennt ákvæði um að jöfnudur skuli vera milli eigna og skuldbindinga.

Eignir sjóðsins að frádregnu mati á fjárfestingarkostnaði og án verðmætis iðgjálda reiknast milljónir 30.604,6 og áfallnar skuldbindingar 30.880,5 milljónir, og mismunur því -275,9 milljónir eða -0,9%. Lög kveða ekki sérstaklega á um vikmörk áfallinna skuldbindinga og eigna og ekki heldur samþykktir Aldursdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er líttill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiru áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávik komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

ALDURSDEILD LÍFEYRISSJÓÐS BANKAMANNA

Lífeyrissjóður bankamanna hét áður Eftirlaunajóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans en starfsemi hans má rekja aftur til ársins 1929. Hinn 1. janúar 1998 breyttist nafn sjóðsins og starfsemi var skipt í tvær deildir, Hlutfallsdeild og Stigadeild sem nú er Aldursdeild. Hlutfallsdeild er lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum en varðveitir hluta af réttindum sjóðfélaga sem áunnin eru fyrir lok árs 1997. Sjóðfélagar ELS áttu við lok árs 1997 val um hvort þeir flyttu áunninn rétt sinn og réttindaöflun til framtíðar yfir í Stigadeild sjóðsins eða greiddu til Hlutfallsdeilda, en deildin er eins og áður sagði lokuð fyrir innköngu nýrra sjóðfélaga. Stigadeild veitti fram til loka 2007 réttindi óháð aldri sjóðfélaga þegar iðgjald var greitt.

Í upphafi árs 2008 var tekin upp aldurstengd réttindaöflun og jafnframt fengu greiðandi sjóðfélagar viðbætur á réttindi sín í séreign vegna lægri réttindaöflunar í samtryggingu til framtíðar.

Eftifarandi tafla sýnir helstu stærðir úr rekstrar- og efnahagsreikningi sjóðsins þar með talið færslu fjármuna til séreignar árið 2008.

Tafla I. Upplýsingar um rekstur- fjárhæðir í milljónum							
Ár	Iðgjöld	Færsla í séreign	Fjármagns Tekjur	Rekstrar kostnaður	Nafn ávöxtun	Lifeyrir	Eign árslok
2007	1.356,8		759,1	63,7	7,09%	42,6	12.090,3
2008	1.520,4	3.901,5	593,7	23,0	5,47%	49,2	10.230,7
2009	1.129,7		1.211,0	27,3	11,27%	71,1	12.472,6
2010	1.104,3		775,6	29,2	5,98%	104,4	14.230,7
2011	1.389,2		1.368,7	50,2	9,14%	114,2	16.833,3
2012	1.445,0		1.842,7	42,3	10,57%	134,7	19.885,0
2013	1.696,6		1.905,0	46,6	9,22%	188,5	23.331,7
2014	1.728,0		1.518,7	56,6	6,31%	241,7	26.298,3
2015	1.742,1		2.755,7	66,9	10,2%	276,2	30.470,9

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykktta sem staðfestar voru af fjármálaráðuneytinu 28. nóvember 2014.

Lífeyrirréttindi sem aldursdeild veitir eru ævilangur ellilífeyrir frá 67 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður ófær um að gegna starfi því er veitt hefur honum aðild að sjóðnum og örorka er metin a.m.k. 40%, makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku örorkulífeyris.

Makalífeyrir er greiddur í tvö ár, eða meðan yngsta barn sem sjóðfélagi hafði á framfæri er undir 23 ára aldri eða ef maki sjóðfélaga er öryrki.

Réttindi sem áunnin voru í stigadeild eru varðveitt óbreytt í aldursdeild.

Lífeyrisréttindi sem aflað er eftir breytingu samþykkta 1. janúar 2008 ráðast af því iðgjaldi sem greitt er inn til sjóðsins og aldursbundnum réttindatöflum. Lífeyrisréttindi eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Uppfylli sjóðfélagi skilyrði um iðgjaldagreiðslur er við ákvörðun örorku- og makalífeyrirréttar miðað við þau réttindi sem sjóðfélagi hefði aflað ef hann hefði greitt til sjóðsins fram til 67 ára aldurs.

Ofangreind ágrip samþykkta er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til 3. og 4. greinar samþykkta um aðild að sjóðnum, 18. - 20. greinar um iðgjöld og grundvöll lífeyrisréttinda, um 21. - 24. greinar samþykkta varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris og réttindákvæði og til 25. greinar um geymd réttindi. Um breytingu réttindakerfis 2008 og útgreiðslu til séreignar er fjallað í 37. grein.

GÖGN

Helstu gögn sem stuðst hefur verið við eru:

1) Upplýsingar um einstaka lífeyrisþega og greiðslur til þeirra í desember 2015.

2) Fyrir aðra sjóðfélaga Aldursdeilda var fengin skrá um öflun lífeyrisréttinda á hverju ári. Fyrir alla sjóðfélaga fengust upplýsingar um fæðingarár og mánuð og kyn.

Gagna þessara var aflað af starfsmönnum sjóðsins úr réttindabókhaldi lífeyrissjóðsins.

Við áætlun um framtíðariðgjöld vegna iðgjaldatímabila 2015 og síðar sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða til sjóðsins er miðað við að allir þeir sem öðluðust réttindi á árinu 2015 og ekki hafa byrjað töku lífeyris muni halda áfram að ávinna sér sömu réttindi til framtíðar. Er þessi hópur sjóðfélaga kallaðir virkir sjóðfélagar en aðrir þeir sem eiga réttindi í sjóðnum og ekki eru lífeyrisþegar kallaðir óvirkir sjóðfélagar.

Úr ársreikningum sjóðsins fengust upplýsingar um kostnað við rekstur síðastliðin þrjú ár og auk þess um eignastöðu sjóðsins og úr verðbréfakerfi eru fengnar upplýsingar um greiðslukjör skuldabréfa og gengi eigna með breytilegar tekjur á markaðsverði.

Iðgjaldagreiðslur ársins 2014 hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur desember 2014 bornar saman við lífeyrisgreiðslu ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið borin saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Hafa þessar athuganir ekki bent til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi, en gögn hafa ekki verið sannreynd með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

REIKNIFORSENDUR OG -AÐFERÐIR

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar. Með reglugerð 391/1998 er Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa töflur um lífs- og örorkulíkur til nota við gerð tryggingastærðfræðilegra athugana og jafnframt töflur um hjúskapar og barneignalíkur.

Staðalforsendur um lífs- giftingar- og örorkulíkur eru skv. reiknigrunni sem gefinn hefur verið út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. Notaðar eru íslenskar dánar- og eftirlifendatöflur byggðar á innlendri reynslu, giftingarlíkur og meðalaldur maka og tölur um fjölda barna eru byggðar á upplýsingum úr þjóðskrá. Við tryggingafræðilega athugun 2014 eru notaðar íslenskar dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á reynslu áranna 2007-2011. Við mat á skuldbindingum varðandi örorku er miðað við meðaltal reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002.

Um öll þessi atriði er í athugun þessa árs fylgt staðalforsendum nema hvað varðar örorkuforsendur en þær hefur verið notuð 40% lækkun á örorkutíðni vegna góðrar örorkureynslu í sjóðnum.

Staðalaðferð reglugerðar 391/1998 um mat á kostnaði er að leggja til grundvallar meðaltal rekstrarkostnaðar síðustu þriggja ára, uppfærðum til verðlags í lok úttektarárs. Rekstrarkostnaði deildarinna er síðan skipt milli áfallinna og heildarskuldbindinga í hlutfalli við skuldbindingar og iðgjöld. Fyrirframgreiðslu á sérstökum skatti á lífeyrissjóði fyrir árið 2014 er sleppt úr útreikningi á meðaltalskostnaði.

Þá er gert ráð fyrir 3,5% árs ávöxtun eigna sjóðsins umfram hækjun lífeyrisréttinda.

Skuldbindingar eru metnar í tvennu lagi. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir er athugun fór fram. Virkir sjóðfélagar í eru skilgreindir sem þeir einstaklingar sem greiddu til sjóðsins á árinu 2015.

Samanlagt eru áfallnar- og framtíðarskuldbindingar heildarskuldbinding sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna.

Við mat áfallinna skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2015. Fyrir aðra sjóðfélaga reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt samþykktum sjóðsins miðað við þegar áunnin réttindi. Þegar heildarskuldbinding er reiknuð er miðað við allir sem taldir eru til virkra sjóðfélaga verði það áfram þær til starfi lýkur vegna aldurs, örorku eða andláts.

Áfallin skuldbinding fyrir virka og óvirka sjóðfélaga er reiknuð miðað við áunnin réttindi eins og þau voru við lok árs 2015.

Lífeyrisaldur er reiknaður 67 ár í samræmi við samþykktir sjóðsins.

NIÐURSTÖÐUR

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lífeyrisskuldbindinga eftir tegundum lífeyris, og hvort um er að ræða áunnin réttindi eða áætlaða réttindaöflun vegna framtíðariðgjalda.

Tafla II. Tryggingafræðileg staða Aldursdeildar 2015 – fjárhæðir í milljónum

Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	30.470,9		30.470,9
Endurmat:	-213,3		-213,3
Fjárfestingagjöld:	347,0		347,0
Iðgjöld:		24.998,5	24.998,5
Samtals:	30.604,6	24.998,5	55.603,1
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	26.279,5	20.634,1	46.913,6
Örorkulífeyrir:	2.909,3	2.671,6	5.580,9
Makalífeyrir:	1.262,4	848,7	2.111,1
Barnalífeyrir:	8,3	145,5	153,8
Kostnaður:	421,0	681,3	1.102,3
Samtals:	30.880,5	24.981,2	55.861,7
Mismunur:	-275,9	17,3	-258,6
Hlutf. af skuldb.	-0,9%	0,1%	-0,5%

Heildar staða deildarinnar batnar töluvert á liðnu ári og sama gildir um áfallna stöðu. Megin ástæðan er betri ávöxtun en forsendur gera ráð fyrir, eða um 8,4% miðað við endurmetna eign.

Munur milli eignaliða og heildarskuldbindinga lífeyrissjóða má samkvæmt ákvæðum l. 129/1997 ekki reiknast yfir 5% samfellt í fimm ár, eða 10% í eitt ár, mælt sem hlutfall af skuldbindingum. Sjóðurinn uppfyllir þessi almennu skilyrði l. 129/1997 um tryggingafræðilega stöðu í lok árs 2015.

Sjóðurinn fékk á árinu 2015 greitt fjárframlag frá ríkissjóði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990 um tryggingagjald. Ekki er tekið tillit til þessa framlags til framtíðar, enda hefur sjóðurinn ekki sett í samþykktir sínar ákvæði um ráðstöfun framlagsins, sbr. ákvæði rg. 391/1998. Fjárframlag sjóðsins til Virk endurhæfingar er að sinni ekki metið sem skuldbinding þar sem gert er ráð fyrir að örorkuskuldbinding sjóðsins muni lækka sem svarar til verðmætis framlagsins.

FYLGISKJÖL

1. Óvirkir sjóðfélagar, fjöldi og áunnin réttindi eftir aldri og kyni
2. Virkir sjóðfélagar, fjöldi, áunnin réttindi og iðgjöld eftir aldri og kyni
3. Lífeyrisþegar
4. Endurmat, áætluð iðgjöld
5. Tryggingafræðileg staða 2015
6. Tryggingafræðileg staða 2015 reiknuð með staðalforsendum
7. Framreikningur á stöðu 2014
8. Aldursdreifing virkra sjóðfélaga 2015
9. Meðallaun sem greitt var af 2015